

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands ísl. sjálfseignarbifreiðarstjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Vals, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hreiðars Aðalsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 3. maí 1955.

Nr. 6/1954. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Djúpavogs vegna Hreins Jónssonar** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Vegagerð ríkisins
 (Brynjólfur Ingólfsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Vörubifreiðar. Skaðabætur dæmdar vegna brots á forgangs-
 réttarákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 10. nóvember f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Djúpavogs vegna Hreins Jónssonar gegn Vegagerð ríkisins.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 7697.10 eða aðra lægri fjárhæð í skaðabætur vegna brots á ákvæðum 3. gr. kjarasamnings frá 10. júní 1953 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. ágúst 1954 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Hinn 10. júní 1953 var undirritaður samningur milli vega-

málastjóra f. h. ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Alþýðusambands Íslands hins vegar um leigugjald fyrir vöru-bifreiðar við vega- og brúargerð. Í 3. gr. samnings þessa segir svo:

„Vegagerðin tekur ekki á leigu bifreiðar í eign manna, sem ekki aka þeim sjálfir, meðan vól er á atvinnubilstjórum innan hvers félagssvæðis eða næsta nágrennis með hentugar bifreiðar í öruggu lagi og vel hirtar, að dómi verkstjóra og trúnaðarmanns viðkomandi félags.

Félagsbundnir atvinnubilstjórar í félagi innan Alþýðusambands Íslands hafa forgangsrétt til vinnu hjá vegagerðinni og þá hver um sig fyrsta rétt á sínu félagssvæði.“

Sumarið 1954 var unnið að vegagerð af hálfu stefnda í Beruneshreppi dagana 3. til 21. ágúst. Notaðar voru bifreiðar í vegavinnu þessari og tók Vegagerðin eftirtalдар bifreiðar á leigu:

1) U 168. Eigandi Finnur Guðmundsson til heimilis í Beruneshreppi. Hann ók henni þó ekki sjálfur, heldur annar maður honum vandabundinn, Einar Gunnlaugsson að nafni og var hann félagsmaður í Verklýðsfélagi Beruneshrepps.

2) U 143. Eigandi hennar var Þórður Snjólffsson, Djúpavogi. Mun hann í upphafi hafa ekið bifreið sinni sjálfur, en síðar mun hann hafa fengið annan mann til þess að fara með stjórn hennar, en ekki eru nánar upplýsingar um þetta í málinu.

Auk nefndra bifreiða kemur hér við sögu U 259. Eigandi og ökumaður hennar var Hreinn Jónsson, Djúpavogi, félagsmaður í Verklýðs- og sjómannafélagi Djúpavogs. Hreinn virðist hafa unnið hjá Vegagerðinni nokkra daga í júní og júlí s.l. sumar, en þegar byrjað er á vegavinnunni í Beruneshreppi er honum ekki gefinn kostur á vinnu þar, en nefndar bifreiðir U 168 og U 143 hins vegar teknar til aksturs þar.

Stefnandi telur, að það hafi verið andstætt forgangsréttarákvæði 3. gr. frammannefnds kjarasamnings, að bifreiðin U 168, eign Finns, var tekin í nefnda vegavinnu en ekki U 259, sem ekið var af eiganda hennar, Hreini, sem verið

hafi atvinnubilstjóri. Hreinn hafi verið félagsmaður í Verklyðs- og sjómannafélagi Djúpavogs, en félagssvæði þess sé næsta nágrenni Beruneshrepps, og hafi hann því sem atvinnubilstjóri átt rétt til aksturs í þeim hreppi umfram þá, sem ekki óku bifreiðum sínum sjálfir. Formaður Verklyðs- og sjómannafélags Djúpavogs segist hafa kvartað yfir þessu við verkstjóra Vegagerðarinnar strax og honum varð kunnugt um þetta hinn 8. ágúst s.l. Vegagerðin hafi að visu tekið Hrein í vinnu dagana 13., 14. og 16. ágúst, en þá hafi hann verið látinn hætta, enda þótt U 168 héldi áfram akstri allan tímann, sem unnið var í Beruneshreppi. Er skaðabótakrafa stefnanda við það miðuð, að Hreinn hafi átt rétt til vinnu allan tímann frá 3. til 21. ágúst, og mundi þá hafa borið það sama úr bítum og greitt var fyrir akstur U 168 en það nam fjárhæð þeirri, sem krafizt er í málinu.

Stefndi hefur ekki út af fyrir sig mótmælt því, að Hreinn hafi ef til vill samkvæmt ákvæðum áður nefnds sammings getað átt forgangsrétt til vinnu þeirrar, er hér ræðir um. En hann heldur því hins vegar fram sér til sýknu, að Verklyðs- og sjómannafélag Djúpavogs hafi samþykkt að bifreið Þórðar Snjólfssonar væri ekið af öðrum en eiganda hennar. Hafi verkstjórum Vegagerðarinnar því verið rétt að líta svo á, að þeim væri heimilt að taka U 168 í vinnu, þótt eigandi hennar æki henni ekki sjálfur, enda hafi aldrei komið skrifleg krafa um það frá stefnanda, að Hreinn yrði tekinn í vegavinnuna með bifreið sína, en þess hafi verið krafizt af hálfu verkstjóra þess, sem formaður Verklyðs- og sjómannafélags Djúpavogs ræddi við hinn 8. ágúst f. á. Þá hefur stefndi og mótmælt bótakröfu stefnanda sem allt of hárrí og krafizt þess, að hún verði færð niður til mikilla muna og það dregið frá henni, sem Hreinn hafi unnið sér inn hjá öðrum aðiljum á nefndu tímabili.

Stefnandi hefur mótmælt því að hafa veitt leyfi til þess, að U 143 væri ekið af öðrum en eiganda hennar og jafnframt hefur hann neitað því, að sér hafi verið skylt að krefjast þess skriflega, að Hreinn yrði tekinn í vinnu og kveður hann þessi atriði engu geta ráðið um úrslit málsins.

Þegar athuguð eru ákvæði 3. gr. framangreinds kjara-

samnings og atvik máls þessa er ljóst, að Hreinn Jónsson hefur sem atvinnubílstjóri í næsta nágrenni Beruneshrepps átt forgangsrétt til vegavinnu þar með bifreið sína U 259 umfram bifreiðina U 168, sem ekið var af öðrum en eiganda hennar. Verður ekki talið, að hann hafi vegna tómlætis misst þann rétt og skiptir ekki máli í því sambandi, hversu háttáð var akstri U 143, bifreiðar Þórðar Snjólfssonar. Er stefnda samkvæmt þessu skylt að bæta stefnanda það tjón, sem Hreinn Jónsson varð fyrir vegna þess, að ákvæði 3. gr. oftnefnds kjarasamnings væru sniðgengin, og ber að miða bæturnar við þá fjárhæð, sem Hreinn hefði borið úr býtum, ef hann hefði verið í vinnunni með bifreið sína í stað bifreiðarinnar U 168.

Samkvæmt gögnum málsins greiddi stefndi eiganda U 168 kr. 7697.10 í aksturslaun dagana 3.—21. ágúst f. á., og miðast þá bætur til Hreins við þá fjárhæð. Hér frá ber þó að draga kr. 1453.52, sem Hreinn vann fyrir hjá Vegagerðinni á þessu tímabili, og kr. 1110.00, sem hann fékk í aksturslaun á sama tímabili frá öðrum aðiljum eða samtals kr. 2563.52. Eftir verða þá kr. 5133.58. Frá þessari fjárhæð ber að draga áætlaðan reksturskostnað bifreiðarinnar, þar sem hún var ekki í akstri umdeilda daga. Þykir hann með hliðsjón af ákvæðum oftnefnds kjarasamnings hæfilega metinn $\frac{3}{5}$ hlutar ökugjaldsins. Ber stefnda samkvæmt þessu að greiða stefnanda kr. 5133.58, að frádregnum kr. 3080.16 eða samtals kr. 2053.42 með vöxtum eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 600.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Vegagerð ríkisins, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Djúpavogs vegna Hreins Jónssonar, kr. 2053,42 með 6% ársvöxtum frá 21. ágúst 1954 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.